

Árið 2014, föstudaginn 4. júlí, er kveðinn upp svohljóðandi úrskurður aganefndar GSÍ í málinu nr. 1/2014

Mótsstjórn Opna Sumardagsins fyrsta mótsins
gegn
Péttri Péturssyni

Þann 30. apríl 2014 barst aganefnd GSÍ kæra frá mótsstjórn opna sumardagsins fyrsta mótsins á Hlíðavelli hjá Golfklúbbum Kili í Mosfellsbæ (kærandi) á hendur Péttri Péturssyni, golfklúbbum Kili (kærði), vegna meints agabrots í opna sumardagsins fyrsta móti Kjalar, sem haldið var 24. apríl 2014. Kærða er gefið að sök að hafa breytt skorkorti eftir undirritun, sem er alvarlegt brot á siðareglum. Gerð er krafa um að aganefndin taki málið til efnismeðferðar og ákvarði kærða viðurlög, í samræmi við heimildir sem hún hefur til þess.

Með kærinni fylgdi mynd af skorkorti kærða, sem honum er gefið að sök að hafa breytt. Þá fylgdi mynd af skorkorti sem kærði færði eigið skor á. Í kæru kemur fram að ritari skorkorts kærða hafi staðfest við kæranda að atvik hafi verið með þeim hætti sem greinir í kæru.

Áður en kæran var tekin til efnismeðferðar fór aganefnd yfir það hvort hún fullnægði formreglum. Að mati nefndarinnar voru engir formgallar á kærinni og hún því tæk til efnismeðferðar. Áður en til hennar kæmi taldi nefndin þó rétt að kalla eftir beinni staðfestingu ritara á málsatvikum, fremur en reiða sig á það sem fram kemur í kæru, að ritari hafi staðfest atvik við mótsstjórn. Framkvæmdastjóri GSÍ kallaði eftir þeirri staðfestingu með símtali við ritaranum. Staðfestingin barst framkvæmdastjóranum með tölvuskeyti frá ritaranum, dags. 21. maí sl. og er meðal gagna málsins hjá aganefnd.

Að staðfestingu ritara fenginni fól nefndin GSÍ að senda kærða bréf f.h. aganefndar og gefa honum kost á að halda uppi vörnum í málinu. Var það gert með bréfi dagsettu 4. júní sl., en afrit kærunnar fylgdi bréfinu. Svar barst frá kærða. Það er dagsett 5. júní 2014, en barst ekki á skrifstofu GSÍ fyrr en 13. júní og var sent aganefnd 16. júní. Í bréfi kærða kemur fram að hann vísar kærinni á bug, sem tilgátu kæranda.

Þar sem kærði gerir ágreining um málavexti, hafði aganefnd samband bæði við ritara skorkorts kærða og meðkeppanda í ráshópnum, til að leita frekari staðfestingar.

I. Málavextir.

Ágreiningur er um atvik málsins.

Kærandi telur kærða hafa breytt skori sínu til lækkunar á tveimur holum, eftir að hafa farið yfir skorið með ritara og undirritað skorkortið. Kærandi hafði samband við ritaranum, sem staðfesti að svo hefði verið. Sérstaklega er tilgreint, að kærði hafi slegið út fyrir vallarmörk á 17. braut, sem gert hafi nánast ómögulegt að ná því skori á holuna, sem er á hinu umdeilda skorkorti kærða. Þá beri skorkortið sjálft með sér, að skori hafi verið breytt, auk þess sem misræmi sé á milli þess skorkorts og skorkortsins, sem kærði færði eigið skor á.

Með tölvuskeyti til framkvæmdastjóra GSÍ staðfesti ritari kærða atvik, svo sem þeim er lýst í kæru. Þar lýsir hann því óyggjandi yfir, að skor kærða á þeim tveimur holum, sem honum er gefið að sök að hafa breytt, hafi verið hærra þegar kortið var undirritað. Þá tilgreinir hann þar sérstakar ástæður til þess, að skorið hafi verið honum minnisstætt, annars vegar sérstæða talnarunu og hinsvegar að kærði hafi slegið bolta út af vellinum og þurft að endurtaka höggið.

Sem að framan greinir taldi aganefnd rétt að hafa sjálf samband við ritarann og meðkeppanda í ráshópi, í ljósi ágreinings um atvik. Samtal formanns aganefndar við meðkeppanda í ráshópi kærða, sem ekki ritaði skor hans, leiddi ekkert í ljós. Í samtali við ritarann kom hinsvegar fram að hann hefði ekki séð skorkort kærða. Nánar spurður út í hverju það sætti, hafandi verið ritari, útskýrði ritarinn að hann hefði átt við að hann hefði ekki séð kortið, eftir að því var breytt. Enginn vafi var því í hans huga á því að svo hefði verið. Spurður sérstaklega út í hvort verið gæti að kærði hefði ekki slegið út fyrir vallarmörk á 17. braut, svo sem gengið er út frá í kæru, heldur slegið að limgerði sem er við vallarmörk og fengið lausn gegn víti þaðan, sem kærði segir hafa verið, sagði ritari svo ekki hafa verið. Þvert á móti hefði kærði orðið að ganga til baka og endurtaka höggið á þeim stað sem það var áður tekið, fyrir það að slegið hafi verið út fyrir vallarmörk.

Kærði skilaði andmælum við kæru, sem dagsett eru 5. júní 2014. Hann vísar kæru á bug, sem tilgátu kæranda. Þá kemur þar fram, að hefði hann ætlað að falska skorkortið hefði hann væntanlega gætt þess að samræma það færslu á eigin skori. Hinsvegar geti orðið mistalning eða misritun. Að öðru leyti er ekki vikið efnislega að fyrra skorinu, sem kærandi telur hafa verið breytt, en það var á 7. braut-vallarins

Varðandi skor á 17. braut, segir kærði rangt að hann hafi slegið út fyrir vallarmörk í upphafshöggi. Hann hafi hinsvegar slegið að limgerði í 3ja höggi, en fengið frá því lausn gegn vítishöggi og klárað holuna á skolla.

Annað efnislegt er varðar kærana er ekki að finna í andsvari kærða. Hann óskar þess þó að kærana verði dregin til baka, sem er ekki í valdi aganefndar.

II. Forsendur og niðurstaða.

Svo sem lýst er að framan, er ágreiningur með kærða og kæranda um atvik. Skilja verður það, að kærði vísi kæranni á bug í andmælum, svo að hann neiti því að hafa breytt skori á skorkortinu eftir að hafa yfirfarið það með ritara og undirritað.

Aganefnd verður því að leggja á það mat hvort fullnægjandi sönnur hafi verið færðar að því að kærði hafi breytt skori á tveimur holum, svo sem kærana gengur út á.

Fyrst er til að taka að skorkortið sjálft ber með sér, að skrifað hefur verið ofan í skor bæði á 7. og 17. holu. Þá liggur einnig fyrir, að kærði færði annað og hærra skor á skorkortið sem hann færði eigið skor á en skorkort sem ritari færði. Loks liggur fyrir, að ritari skorkorts kærða ber afdráttarlaust um að skorið hafi verið það, sem út frá er gengið í kæranni. Frásögn hans þar um er afar trúverðug og studd athugasemdum, sem auka á trúverðugleikann. Sérstaklega

tilgreina, að ritarinn staðfestir að kærði hafi slegið bolta út fyrir vallarmörk á 17. braut í 3ja höggi og orðið að ganga til baka, til þess að endurtaka höggið. Rétt er að fram komi, að í kæru er rætt um víti eftir upphafshögg, sem virðist á misskilningi byggt. Ekki verður hinsvegar séð að það hafi áhrif á úrlausnarefnið.

Af öllu þessu samanlögðu telur aganefnd vera sannað, að kærði gerðist sekur um að breyta skori sínu til lækkunar, svo sem honum er gefið að sök í kæru.

Með háttsemi sinni hafði kærði rangt við í golfmótinu. Golf er að mestu leikið án eftirlits dómara og íþróttin gengur út á heiðarleik kylfinga. Frávik þar frá eru alvarleg. Andmæli kærða bera ekki með sér, að hann geri sér grein fyrir því að hann hafi haft rangt við eða sjái eitthvað athugavert við það. Með framgöngu sinni braut kærði gegn 1. kafla golfreglna R&A, keppnisskilmálum mótanefndar 10. gr. móta- og keppendareglna GSÍ og 14. gr. móta- og keppendareglna Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands.

Að öllu framangreindu virtu telur aganefnd að kærði hafi gerst sekur um alvarlegt agabrot með því að breyta skori sínu í mótinu til lækkunar, eftir að skorkort hafði verið undirritað af ritara. Hæfileg viðurlög eru keppnisbann í 12 mánuði frá dagsetningu þessa úrskurðar.

III. Úrskurður

Kærði, Pétur Pétursson, skal sæta keppnisbanni í 12 mánuði frá dagsetningu þessa úrskurðar að telja.

Reykjavík 4. júlí 2014
aganefnd GSÍ


Gunnar Jónsson


Jónatan Ólafsson


Sigurður Geirsson